




## Netbankinn í snjalltækinu/tölvunni

Netbankinn þinn er aðgengilegur í gegnum vafra, bæði í tölvunni og snjalltækinu.

1. Opnaðu vafra.
2. Sláðu inn: [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is)
3. Veldu Netbankinn (efst í hægra horni).
4. Upp kemur Innskráning í netbanka – veldu rafræn skilríki, skilríki á korti eða SMS / App auðkenning (eftir því sem við á).
5. Þá opnast bankayfirlitið þitt.
6. Vinstra megin sérðu þær aðgerðir sem hægt er að framkvæma.

Snjalltæki koma með ákveðinni uppsetningu eftir því hvort um Apple eða Android tæki er að ræða. Með því að hlaða niður smáforritum, eða öppum, er hægt að fá ýmsar upplýsingar í símann, t.d. fréttamiðla, samfélagsmiðla og



annan fróðleik, eða framkvæma ýmsar aðgerðir, t.d. borga í stöðumæli, panta pizzu eða eða skrá hreyfingu hvers dags. Möguleikarnir eru nánast ótæmandi. Athugið að sum öpp kosta en önnur eru ókeypis.

### Að sækja app fyrir Apple snjalltæki

Apple-notendur sækja forrit í gegnum App store, sem er oftast á símaskjánum þegar þú tekur hann úr lás.

1. Kveiktu á snjalltækinu þínu.
2. Til að hlaða niður appi þarftu að búa til Apple ID reikning sem auðkennir þig. <https://appleid.apple.com>.
3. Finndu App store merkið og ýttu á það.
4. Finndu stækkunarglerið (search) til að finna ákveðin öpp eða leita eftir flokkum.
5. Veldu app og ýttu á Get.
6. Slá þarf inn leyriorð fyrir Apple ID til að geta hlaðið appi niður á símann.

### Að sækja app fyrir Android snjalltæki

Android öpp eru sótt í Google Play, sem er oftast staðsett á forsiðu Android síma. Ef ekki skaltu fara í listann yfir snjallforrit í símanum og velja Google Play þar.

1. Í fyrsta skipti sem Google Play er opnað gætir þú þurft að slá inn Google aðgangsupplýsingarnar þínar. Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum. Þú gætir einnig þurft að samþykkja notendaskilmála Google.
2. Þegar á forsiðu Google Play er komið er hægt að nota leitina til að finna tiltekin snjallforrit.
3. Síðasta skrefið er að hlaða niður appinu.
4. Appið er nú aðgengilegt í lista yfir snjallforrit í símanum þínum.

